

Ed.

193. Frumvarp til laga

[155. mál]

um álag á ferðagjaldeyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið rennur í rikissjóð og skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir óbreyttri innheimtu gjalds á ferðalög til útlanda frá því sem verið hefur á árinu 1980. Gjald á ferðalög til útlanda á hins vegar samkvæmt gildandi ákvæðum í lögum nr. 100/1979 að ganga úr gildi í árslok 1980. Ef tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1981 á að standast er því nauðsynlegt að leggja þetta frumvarp fram þar sem gildandi ákvæði um gjald á ferðalög til útlanda er tímabundið. Samkvæmt frumvarpinu verður gjaldið óbreytt frá því sem verið hefur og gildir án tímatakmarkana. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði um 2 400 m.kr.